

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. apríl 2001 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,70 kr. á lítra
gasolía	0,80 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. mars 2001.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

22. febrúar 2001

Nr. 265

REGLUR

Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar um meðferð og úrlausn fjarskipta- og póstmála.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru settar af Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun. Markmið reglnanna er að veita leiðbeiningar um meðferð og úrlausn mála sem fallið geta bæði innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga, og að vinna gegn hugsanlegri óvissu um valdmörk og lög-sögu stofnananna.

2. gr.

Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir í lögum nr. 110/1999 og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla. Stofnunin skal stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir ólöglega viðskipta-hætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptaþyrirtækja, póstrekinga og rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Starfsemi samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun annast daglega stjórnsýslu á sviði samkeppnis-laga nr. 8/1993. Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir:

- a. að framfylgja boðum og bönum samkeppnislaga og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
- b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
- c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
- d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði,
- e. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafanefndir þess og annast dagleg störf ráðsins.

4. gr.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar.

Eftirfarandi mál skulu að jafnaði meðhöndluð af Póst- og fjarskiptastofnun:

- a. Mál varðandi lög um fjarskipti eða lög um póstþjónustu og reglugerðir settar með stoð í þeim lögum.
- b. Mál varðandi reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun er heimilað að setja.
- c. Mál viðvíkjandi leyfisveitingum Póst- og fjarskiptastofnunar og túlkun leyfisbréfa.
- d. Mál varðandi gjaldskrár sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið að samþykkja.
- e. Mál varðandi skilmála um þjónustu.
- f. Tæknileg ágreiningsmál.
- g. Kvartanir vegna ágalla á þjónustu.

5. gr.

Verkefni samkeppnisyfirvalda.

Eftirfarandi mál sem tengjast fjarskipta- eða póststarfsemi skulu að jafnaði meðhöndluð af samkeppnisyfirvöldum:

- a. Mál sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, t.d. samtvinnun í viðskiptum, mismunun í verði og skilmálum, skaðleg undirverðlagning og neitun á viðskiptum.
- b. Mál vegna yfirtöku/samruna á póst- eða fjarskiptafyrirtækjum.
- c. Ólögmaett samráð fyrirtækja og aðrar samkeppnishindranir á póst- og fjarskiptamarkaði.
- d. Óréttmætir viðskiptahættir.
- e. Gjaldskrármál, önnur en þau sem falla undir d-lið 4. gr.
- f. Auglýsinga- og kynningarstarfsemi.
- g. Önnur mál sem byggja á ákvæðum samkeppnislaga eða reglum settum með stoð í þeim lögum.

6. gr.

Framsending erinda.

Berist annarri stofnuninni erindi sem bersýnilega snertir ekki valdsvið hennar en líklegt þykir að það geti fallið undir valdsvið hinnar stofnunarinnar skal það framsent eins fljótt og unnt er.

7. gr.

Markatilvik.

Berist annarri stofnuninni erindi sem skv. lögum getur fallið undir valdsvið beggja stofnananna og ekki er skýrt skv. þessum reglum hvor skuli afgreiða það skal senda hinni stofnuninni afrit af því og stofnanirnar skulu í sameiningu meta hvor þeirra sé betur til þess fallin að afgreiða erindið. Við mat skal m.a. hafa til hliðsjónar hvor stofnunin hafi:

- skýrari lagaheimildir til að taka á málinu,
- virkari úrræði,
- meiri þekkingu á því sviði sem um ræðir.

8. gr.

Fyrirspurnir.

Aðilum sem ekki er ljóst hvert beri að beina erindi er heimilt að bera fram fyrirspurn til annarrar hvorrar stofnunarinnar um það undir hvora stofnunina mál heyri. Þær skulu taka slíka fyrirspurn til sameiginlegrar umfjöllunar eins fljótt og auðið er.

9. gr.

Sameiginleg meðferð.

Stofnanirnar geta ákveðið að taka mál sameiginlega til meðferðar ef ljóst þykir að bestur árangur náist með því að beita bæði úrræðum samkeppnislaga og löggjafar á sviði póst- eða fjarskiptamála.

Stofnanirnar geta einnig ákveðið að skipta með sér aðgreindum þáttum máls.

10. gr.

Álitsumleitan.

Póst- og fjarskiptastofnun ber að ráðfæra sig við Samkeppnisstofnun áður en:

- veitt eru leyfi til fjarskipta- eða póstrekesturs sem stofnunin telur að leitt geta til markaðsráðandi stöðu leyfishafa,
- heimiluð er starfsemi eða verðskrá sem stofnunin telur að hugsanlega kunni að ganga gegn 10. eða 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkeppnisstofnun skal ráðfæra sig við Póst- og fjarskiptastofnun áður en:

- kveðið er á um bókhaldslegan eða fjárhagslegan aðskilnað í rekstri póst- eða fjarskiptafyrirtækja.

Stofnunum er heimilt að leita álits hjá hvor annarri í öðrum tilvikum.

11. gr.

Samstarfshópur.

Hvor stofnun um sig skal tilnefna tvo starfsmenn sem tengiliði og skulu þeir jafnframt mynda vinnuhóp sem hafa skal umsjón með samvinnu stofnananna.

12. gr.

Fundir.

Vinnuhópur skv. 11. gr. skal halda fundi tvisvar á ári. Á fundunum skal ræða samskipti stofnananna og hvort þörf sé á úrbótum á einhverju sviði. Hvor stofnun skal kynna mál sem eru eða hafa verið til meðferðar og snert geta starfsvið hinnar stofnunarinnar. Einnig skulu stofnanirnar miðla öðrum upplýsingum sem komið gætu að gagni.

Ef sérstök tilefni eru til skal vinnuhópurinn eða aðrir fulltrúar stofnananna eftir atvikum koma saman eftir þörfum.

13. gr.

Birting og gildistaka.

Reglur þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum sem og á heimasíðum Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar. Reglur þessar eru til leiðbeiningar og skulu stofnanirnar og aðilar á póst- og fjarskiptamarkaði taka mið af þeim frá birtingu þeirra í Stjórnartíðindum.

Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu fyrir 1. mars 2002 taka til athugunar hvort rétt sé að endurskoða þessar reglur.

Reykjavík, 22. febrúar 2001.

Samkeppnisstofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun.

Georg Ólafsson.

Gústav Arnar.

Nr. 266

21. mars 2001

REGLUGERÐ**um námsstyrki úr Fræðslusjóði brunamála.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður brunamála.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkvistarfa.

Í þeim tilgangi skal sjóðurinn veita styrki til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa vegna brunavarna.

3. gr.

Sjóðurinn greiðir styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, aukabókun fyrir umfangsmikil verkefni, laun á námsleyfistíma og veitir styrki til umsækjenda vegna endurmenntunar.

Fræðslusjóðnum er heimilt að standa fyrir námskeiðum vegna framhalds- og endurmenntunar í brunavörnum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Framlag í samræmi við fjárlög hverju sinni.
- b. Vaxtatekjur og verðbætur.
- c. Aðrar tekjur.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir á grundvelli umsókna. Brunamálastofnun annast útlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í a.m.k. einu dagblaði sem kemur út á landsvísu.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðendum eða ríkisendurskoðun.